Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings

# Viðbragðsáætlun

## Viðmið um ófullnægjandi skólasókn

### Þrep 1 – Snemmtæk íhlutun

**Fjarvera allt að 10 dögum**

- ☐ Umsjónarkennari ræðir við nemanda og hefur samband við forráðamenn um mögulegar skýringar fjarveru.
- ☐ Umsjónarkennari upplýsir, náms- og starfsráðgjafa um stöðuna, hann ræðir við nemanda og veitir stuðning og ráðgjöf.
- ☐ Umsjónarkennari og náms- og starfsráðgjafi funda með nemanda og forráðamönnum.
- ☐ Umsjónarkennari upplýsir skólastjórnendur og skólahjúkrunarfræðing um stöðu mála

### Þrep 2 – Fyrstu einkenni skólaforðunar

**Fjarvera allt að 20 dögum**

- ☐ Stofnað er teymi sem skipað er umsjónarkennara, náms- og starfsráðgjafa, deildarstjóra/skólastjórnanda, forráðamönnum og nemanda eftir atvikum og þroska.
  - Deildarstjóri/skólastjórnandi stýrir vinnu teymisins.
  - Kennsluráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur og aðrir sérfræðingar eru kallaðir til samráðs eftir því sem við á.
- ☐ Teymið kortleggur stöðuna, finnur viðeigandi lausnir, vinnur skriflega áætlun um næstu skref og mat á árangri.
- ☐ Meta hvort þörf sé á samþættingu máls, skv. Lögum um farsæld barna

### Þrep 3 – Viðvarandi skólaforðun

**Fjarvera 20 dagar eða fleiri**

- ☐ Teymið heldur áfram vinnu með málið, leggur mat á stöðuna og leitar áfram viðeigandi lausna og úrræða.
  - Fulltrúi frá velferðarþjónustu kallaður til samráðs og samstarfs eftir því sem við á.
- ☐ Málinu vísað til nemendaverndarráðs sem ákvarðar hvort send er tilvísun til sérfræðiþjónustu skóla ef þörf er talin á nánari greiningar á stöðu nemanda.

Ef lausnir og viðbrögð sem reynda hafa verið við skólasóknarvanda skila ekki árangri, eða teymi metur að þörf sé á frekari aðgerðum, er málið tilkynnt til barnaverndar.

Ef forráðamenn eru ekki tilbúnir til samstarfs um málefni barns, á hvaða þrepi sem málið er, skal upplýsa þá um að skóla beri lögum samkvæmt að tilkynna málið til barnaverndar.

**Mikilvægt er að hafa í huga að miðað er við að skrá alla fjarveru nemenda frá skóla hvort sem um er að ræða veikindi, leyfi eða aðra óútskýrða fjarveru**